


Starfsáætlun

2023-2024



Hjallastefnan

Leikskólinn Bergheimar

Efnisyfirlit

1.	Greinargerð leikskólastjóra	3
2.	Almennar upplýsingar	3
2.1	Leikskólinn (húsnæði, lóð, leikrými og heildarrými ofl.)	3
3.	Faglegar áherslur	4
3.1	Lotur	4
3.2	Meginreglur	5
3.3	Grunnþættir menntunar.....	6
3.3.1	Læsi.....	6
3.3.2	Sjálfbærni.....	7
3.3.3	Jafnrétti	7
3.3.4	Lýðræði og mannréttindi.....	8
3.3.5	Heilbrigði og velferð	8
3.3.6	Sköpun.....	9
4.	Hópatímar og valfundir	9
5.	Innra mat leikskólans.....	10
6.	Styrkleikar.....	10
6.1	Tækifæri til umbóta	10
7.	Börn, foreldrar o.fl.....	11
7.1	Börn sem fá viðbótarkennslu	11
7.1.1	Fjöldi barna með annað móðurmál en íslensku og fjöldi tungumála.....	11
7.2	Foreldrasamvinna.....	11
7.3	Aðlögun	12
7.4	Foreldraráð.....	12
7.5	Foreldrafélag	12
7.6	Foreldra-fundir og viðtöl	12
8.	Sérfræðiþjónusta.....	13
9.	Samstarf.....	13
9.1	Samstarf leik- og grunnskóla	13
9.2	Samstarf við háskólana og framhaldsskólana	13
9.3	Tónlistarskólinn	14
9.4	Bókasafnið	14
9.5	Félag eldri borgara.....	14
10.	Fréttir.....	14
11.	Starfsmannamál	14
11.1	Stjórnaskipan Bergheima skólaárið 2023-24.....	15
12.	Umbótaráætlun.....	15
13.	Skóladagatal	17

1. Greinargerð leikskólastjóra

Samkvæmt lögum um leikskóla 90/2008 kemur fram í 5. mgr. 11. gr. að leikskólastjóra beri að gefa árlega út starfsáætlun leikskóla sem byggir á skólanámskrá leikskólans. Þar sem gerð er grein fyrir starfsemi leikskólans, skóladagatali og öðru er viðkemur starfseminni. Einnig kemur fram að foreldraráð skuli fá hana afhenta til umsagnar áður en hún er staðfest af fræðslunefnd sveitarfélagsins. Að því búnu skal starfsáætlunin kynnt foreldrum leikskólabarna.

Breytingar eru órjúfanlegur þáttur leikskólastarfsins. Reglulega þarf að fara yfir stöðu mála, skoða alla þætti skólastarfsins með gagnrýnum augum, meta og setja sér ný markmið til að stefna að. Að vori er skólastarfið metið þar og umbótaáætlun gerð í kjölfar með hliðsjón af niðurstöðum úr foreldrakönnun, starfsmannakönnun og þróunar samtölum við starfsfólk. Niðurstöðurnar munu jafnframt birtast í þessari starfsáætlun til að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári.

Eftir fyrsta árið mitt í starfi leikskólastjóra er þakklæti mér efst í huga. Fyrst vil ég nefna samstarfsfólk mitt, þær eru kletturinn minn og ég tel mig einstaklega heppna að ganga við hlið þeirra. Eins hef ég frábæra yfirmenn og margar vinkonur innan Hjallastefnunnar sem ég hef getað leitað til. Og að lokum vil ég nefna starfsfólk sveitarfélagsins, þar hef ég líka nokkra hauka í horni sem hafa reynst mér vel. Verkefni hafa verið margvísleg og margar áskoranir sem ég hef tekist á við, allar hafa þær þó reynst skemmtilegar. Mikil veikindi starfsfólks og barnanna settu svip sinn á þetta skólaár. Við fórum í gegnum loturnar með barnahópnum og var það vel. Við tókum þátt í ráðstefnu Hjalldaganna og var það mjög fræðandi og skemmtilegt. Það sem stóð upp úr fyrir utan vinnuna með börnunum var námsferð starfsfólks til Benidorm í lok apríl, þar kynntum við okkur starfsemi leikskóla og tókum námskeið í núvitund. Við sáum það að við höfum það mjög gott í íslenskum skólum.

2. Almennar upplýsingar

Leikskólinn Bergheimar er 6 kjarna Hjalldagaskóli í Þorlákshöfn, stefnt er að því að taka nýjan kjarna í notkun í kringum áramót og verða kjarnarnir þá sjö.

2.1 Leikskólinn (húsnæði, lóð, leikrými og heildarrými ofl.)

Leikskólinn Bergheimar er til húsa við Hafnarberg 32 í Þorlákshöfn. Leikskólastjóri á Bergheimum er Helena Helgadóttir.

Árið 2020 gerðu Hjalldagastefnan ehf. og Sveitarfélagið Ölfuss með sér 2 ára þjónustusamning um rekstur leikskólans, samningurinn var endurnýjaður haustið 2022 og til fimm ára.

Leikskólinn er vel staðsettur, grunnskólinn er hinu megin við götuna, stutt í hraunið, skrúðgarði og nesið sem eru uppspretta leikja og náms.

Við leikskólann er stór og náttúruleg lóð, einnig er innan hennar leiksvæði fyrir yngstu nemendum skólans. Lóðin rúmar vel allan barnahópinn ef það eru allir úti á sama tíma.

Skólinn er rúmgóður, í aðalhúsi eru fimm kjarnar og einn kjarni í húsi á lóð leikskólans og sá sjöundi hugsaður eins. Fjórir kjarnanna eru eins uppsettir, stór heimastofa með tvö herbergi og salernisaðstöðu. Álfheimar, kjarni elstu barna er tvö rými með heimastofu, einu herbergi og salernisaðstöðu. Í húsinu er salur, bókasafn/geymsla, föndurstofa sem er nýtt til sérkennslu, hópstarfs og mataraðstaða. Í húsinu er líka rúmgott eldhús, þar sem matur fyrir leik-og grunnskóla er eldaður, skrifstofa, vinnuherbergi kennara, kaffistofa, starfsmannaaðstaða og sérkennslurými. Goðheimar, kjarninn í sérhúsi á lóðinni, er með heimastofu, tveimur herbergjum, salernisaðstöðu og góðum inngangi. Til stendur að koma fyrir öðru slíku húsi á lóð leikskólans tímabundið.

Opnunartími leikskólans er frá 7:30-17.

Leikskólinn starfar eftir hugmyndafræði Hjallastefnunnar sem er kærleiksmiðuð og skapandi lýðræðisstefna. Unnið er með röð, reglu og rútinu, þar sem að dagskrá skólans skiptir deginum niður í nemendastýrða tíma á móti kennarastýrðum tímum. Dagskipulag skólans er eins á öllum kjörnum en aðlagar sig að hverjum aldurshóp fyrir sig. Það sem aðskilur leikskólann Bergheima frá öðrum leikskólum Hjallastefnunnar er að það er ekki kynjaskipt á kjörnum og skólafötin eru val.

3. Faglegar áherslur

3.1 Lotur

Loturnar eru kennslutæki til að efla færni/hæfni félagslega og einstaklingslega. Fyrsta lota haustsins er félagsleg, síðan kemur einstaklingslota og svo koll af kolli fram á vor. Hver lota stendur í fjórar vikur, þrjár á haustönn og síðari þrjár á vorönn. Á milli lotanna kemur vika sem er opin vika þar sem viðfangsefni eru óbundin. Yfirheiti lotanna er almennt hugtak sem er lýsandi fyrir hvert svið sem er verið að æfa hverju sinni.

Fyrsta lota-Agi:

Virðing, hegðun, kurteisi og framkoma

Lotu eitt lýkur með framkomuviku.

Önnur lota-Sjálfstæði:

Sjálfstyrking, sjálfstraust, öryggi og tjáning

Lotu tvö lýkur með tjáningarviku.

Þriðja lota-Samskipti:

Umburðarlyndi, hjálpssemi, víðsýni og samstaða

Lotu þrjú lýkur með samstöðuviku.

Fjórtða lota-Jákvæðni:

Ákveðni, hreinskiptni, bjartsýni og gleði

Lotu fjögur lýkur með gleðiviku.

Fimmta lota-Vinátta:

Félagsskapur, umhyggja, nálægð og kærleikur

Lotu fimm lýkur með kærleiksviku.

Sjötta lota-Áræðni:

Kjarkur, kraftur, virkni og frumkvæði
Lotu sex lýkur með frumkvöðlaviku.

3.2 Meginreglur

Skólabragur og stofnanamenning Bergheima byggir á meginreglum Hjallastefnunnar. Þar er kveðið á um þau viðhorf til barna og fjölskyldna sem starfshópurinn sameinast um að útfæra á hverju ári. Í fyrirrúmi eru þarfir barna og réttur þeirra til að njóta bernskunnar sinnar. Meginreglurnar kveða líka skýrt á um hlutverk starfsfólks og samskiptamáta sem setja jákvæðar og lausnamiðaðar aðferðir í fyrsta sæti.

Meginregla eitt; börn og foreldrar

Hjallastefnunni er ætlað að mæta hverju barni eins og það er og virða og viðurkenna ólíkar þarfir aldurshópa, kynja og einstaklinga óháð uppruna og menningu. Skólanum ber einnig að virða valfrelsi og ólíkan áhuga barna og hlúa á víðfeðman hátt að velgengni allra.

Meginregla tvö; starfsfólk

Hjallastefnunni er ætlað að stuðla að því að jákvæðni, gleði og kærleikur séu ráðandi öfl í samskiptum starfsfólks svo og í öllum samskiptum við börn og foreldra og aðra sem koma að málum skólans.

Meginregla þrjú; umhverfi

Hjallastefnunni er ætlað að skapa samfélag innan hvers skóla þar sem jafnvægi, einfaldleiki og gagnsæi er ráðandi í dagskrá, umhverfi og búnaði og reglur eru sýnilegar og áþreifanlegar. Þannig gefst börnum skiljanlegt og viðráðanlegt umhverfi miðað við aldur þeirra, þroska og getu.

Meginregla fjögur; efniviður

Hjallastefnunni er ætlað að bjóða upp á leikefnivið og einföld námsgögn þar sem sköpun og ímyndun er í fyrirrúmi í fjölbreyttri reynslu hvers barns. Þannig skapar sjálfbjarga fólk eigið nám og leikheim með eigin lausnum og raunveruleikatengd verkefni eru í fyrirrúmi.

Meginregla fimm; náttúra

Hjallastefnunni er ætlað að kenna börnum að skynja og njóta náttúrulegs umhverfis og virða náttúruna með nýtni, nægjusemi og hófsemi svo og með umhirðu og endurvinnslu.

Meginregla sex; samfélag

Hjallastefnunni er ætlað að þjálfaga og hegðun á jákvæðan og hlýlegan en um leið ákveðin og hreinskiptinn máta. Með nákvæmni og festu verður taminn vilji leiðin til öryggis og frelsis fyrir alla í rósemd og friði innan skólasamfélagsins og síðar til ábyrgrar þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi.

3.3 Grunnþættir menntunar

Í Aðalnámskrá leikskóla (2011) eru grunnþættir menntunar skilgreindir. „Grunnþættirnir snúast um læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru þannig að börn og ungmenni læri að byggja sig upp andlega og líkamlega, að sér í samfélaginu og vinna með öðrum.

Grunnþættirnir snúast einnig um framtíðarsýn og getu og vilja til að hafa áhrif og taka virkan þátt í að viðhalda samfélagi sínu, breyta því og þróa það”. Grunnþættirnir eru eftirfarandi: læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð, sköpun.

3.3.1 Læsi

„Læsi snýst um samkomulag manna um málnotkun og merkingu orða í málsamfélagi og er því félagslegt í eðli sínu. Það er háð hefð og er því ekki færni sem einstaklingar geta öðlast og beitt óháð stað og stund, menningu og gildum. Læsi krefst skriffæra, efnis til að skrifa á og miðils, t.d. bókar, til að koma ritsmíðinni á framfæri og snýst því að hluta til um tæknimiðla og verkunnáttu” (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

Unnið er á fjölbreyttan hátt með læsi í leikskólanum. Segja má að allan daginn, alla daga er verið að efla þessa færni í markvissum og ómarkvissum stundum í leikskólanum.

Markmið eldri barna		Leiðir
Efla mál og læsi í víðasta skilningi s.s. Þekki bókstafina og hljóð þeirra Hafi tök á öllum þáttum hljóðkerfisvitundar Þekki nafn sitt og geti ritað það		Lubbi finnur málbein Sol-bókin Ljáðu mér eyra Tölum saman Söngur
Mat	Mælikvarðar	Ábyrgð
	Tras, Hljóm-2	Kjarnastýra/starfsfólk

Markmið yngri barna		Leiðir
Efla mál og læsi í víðasta skilningi Efla orðaforða, málskilning og tjáningu Þekki og kunni að syngja stuttar vísur		Leggja orð á athafnir og hluti í daglegu starfi Söngur Lubbi finnur málbein Litla Sol-bókin Ljáðu mér eyra Tölum saman Lesi bók saman Allskonar leikir með málörvun eins og litla mús, ég fór í dýragarð, lita-húsin, loðtöflusögur,
Mat	Mælikvarðar	Ábyrgð
	Tras	kjarnastýra/starfsfólk

3.3.2 Sjálfbærni

„Menntun til sjálfbærni miðar að því að gera fólki kleift að takast á við viðfangsefni sem lúta að samspili umhverfis, félagslegra þátta og efnahags í þróun samfélags. Í sjálfbærnimenntun felst að skapa samábyrgt samfélag þar sem sérhver einstaklingur er þroskaður sem virkur borgari, meðvitaður um gildi, viðhorf og tilfinningar sínar“ (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

Markmið eldri barna		Leiðir
Börnin fá hvatningu og tækifæri til sjálfshjálpar Minnka matarsóun		Vekja forvitni barnanna á umhverfinu. Virkja sköpunargáfu barnanna. Minnka fyrirfram ákveðin verkefni.
Mat	Mælikvarðar	Ábyrgð
		Starfsfólk

Markmið yngri barna		Leiðir
Börnin fá hvatningu og tækifæri til sjálfshjálpar. Að þau læri að klæða sig sjálf Að þau læri að bjarga sér sjálf við matarborðið		Hvatning í fataklefa Hvatning við matarborðið
Mat	Mælikvarðar	Ábyrgð
		Starfsfólk

3.3.3 Jafnrétti

„Markmið jafnréttismentunar er að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsum samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðalyndis, víðsýnis og jafnréttis. Í skólastarfi skulu allir taka virkan þátt í að skapa samfélag jafnréttis og réttlætis“ (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

Markmið eldri barna		Leiðir
Allir taka jafnan þátt í leik og starfi leikskólans. Lögð er áhersla að börn beri virðingu og umhyggju fyrir öðru fólki. Þau þrói með sér samkennd, umburðarlyndi og vináttu.		Bera virðingu fyrir öllum Hlusta á skoðanir annarra og virða þær
Mat	Mælikvarðar	Ábyrgð
		Starfsfólk

Markmið yngri barna	Leiðir	
Lögð er áhersla að börn beri virðingu og umhyggju fyrir öðru fólki. Þau þrói með sér samkennd, umburðarlyndi og vináttu.	Bera virðingu fyrir öllum Hlusta á skoðanir annarra og virða þær	
Mat	Mælikvarðar	Ábyrgð
		Starfsfólk

3.3.4 Lýðræði og mannréttindi

„Forsenda lýðræðis er samábyrgð, meðvitund og virkni borgaranna sem gerir þá færa um að taka þátt í að móta samfélag sitt og hafa áhrif nær og fjær. Virðing fyrir manngildi og heilbrigði barna og ungmenna felur bæði í sér virðingu fyrir mannréttindum þeirra og viðurkenningu á hæfileikum þeirra og þroskamöguleikum”(Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

Markmið eldri barna	Leiðir	
Börnin eru virkir þátttakendur í skólastarfinu, þau hafa sín áhrif á starfið og taka þátt í að þróa það.	Samverustund einu sinni á dag þar sem fjölbreytt viðfangsefni eru tekin fyrir. einföld og skýr fyrirmæli við börnin Hlusta og virða skoðanir allra	
Mat	Mælikvarðar	Ábyrgð

Markmið yngri barna	Leiðir	
Börnin eru virkir þátttakendur í skólastarfinu, þau hafa sín áhrif á starfið og taka þátt í að þróa það.	Samverustund einu sinni á dag þar sem fjölbreytt viðfangsefni eru tekin fyrir. einföld og skýr fyrirmæli við börnin Hlusta og virða skoðanir allra	
Mat	Mælikvarðar	Ábyrgð

3.3.5 Heilbrigði og velferð

„Allt skólastarf þarf að efla heilbrigði og stuðla markviss að velferð og vellíðan enda verja börn og ungmenni stórum hluta dagsins í skóla(Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

Markmið eldri barna	Leiðir	
Áhersla á vellíðan og velferð barna eins og hollt og næringarríkt fæði, hvíld, hreyfing og hreinlæti.	Íþróttir einu sinni í viku/sundferðir aðra hverja viku útivera allavega einu sinni á dag Handþvottur eftir útiveru og klósettferðir og þvottur eftir mat. Hollur og fjölbreyttur matur	
Mat	Mælikvarðar	Ábyrgð

Markmið yngri barna		Leiðir	
Áhersla á vellíðan og velferð barna eins og hollt og næringarríkt fæði, hvíld, hreyfing og hreinlæti.		Íþróttir einu sinni í viku útivera allavega einu sinni á dag Handþvottur eftir útiveru og þvottur eftir mat. Hollur og fjölbreyttur matur	
Mat	Mælikvarðar	Ábyrgð	

3.3.6 Sköpun

„Í sköpun felst að móta viðfangsefni og miðla þeim, búa til, gera eitthvað nýtt eða öðruvísi en viðkomandi kann eða hefur gert áður. Sköpun er að uppgötva, njóta, örva forvitni og áhuga, virkja ímyndunarafl og leika sér með möguleika“ (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

Markmið eldri barna		Leiðir	
Áhersla sköpunar er á ferlinu sjálfu ekki útkomunni. Börnin eiga að fá tækifæri til að virkja sinn sköpunarmátt.		Fjölbreytt myndsköpun Nýta fjölbreyttan efnivið við sköpun Hafa efniviðinn sýnilegan og aðgengilegan	
Mat	Mælikvarðar	Ábyrgð	

Markmið yngri barna		Leiðir	
Áhersla sköpunar er á ferlinu sjálfu ekki útkomunni. Börnin eiga að fá tækifæri til að virkja sinn sköpunarmátt.		Fjölbreytt myndsköpun Nýta fjölbreyttan efnivið við sköpun	
Mat	Mælikvarðar	Ábyrgð	

4. Hópatímar og valfundir

Í hópatímum er fámennur hópur barna með kennara. Þannig nær kennari að kynnast hverju barni fyrir sig og getur veitt því athygli þannig að hver og einn fær að tilheyra. Í hópatímum fara fram öll verkefni sem þarfnast fullorðins aðstoðar og þar er hlutverk kennara að auðga starf barnanna. Þarna fara fram lotutengd verkefni, vettvangsferðir, málörvun og fleira. Í vali er tími barnanna sjálfra þar sem þau velja ólíka kosti á formlegum valfundi. Þar er hinn frjálsi leikur í fyrirrúmi og kennarar eru í eftirlitshlutverki, alltaf til staðar og aðstoðar og leiðrétta hegðun þegar við á.

5. Innra mat leikskólans

Hjallastefnuskólar standa árlega fyrir nokkrum tegundum mats á skólastarfinu. Innra matið samanstendur af þeim þáttum sem skólinn notar til að meta eigin frammistöðu svo og þeim þáttum sem Hjallastefnan ehf. notar til þess að meta gæði í þjónustu skólans. Helstu þættir í innra matinu eru starfsmannakönnun sem að jafnaði er lögð fram einu sinni á skólaári fyrir starfsfólk leikskólans, annað hvert ár er könnunin gerð á vegum Skólapúlsins en það er gert til að sjá hvernig Hjallastefnuskólarnir standa sig gagnvart skólunum í landinu. Þar er grennslast fyrir um starfsánægju, starfsaðstæður og mat starfsfólks á eigin frammistöðu. Á hverju ári er send út spurningakönnun, annað hvert ár á vegum Hjallastefnunnar og hitt árið á vegum Skólapúlsins, til foreldra til að meta ánægju foreldra með fagstarfið og ánægju með skólabrag. Farið er yfir niðurstöður þessara kannana á starfsmannafundi og í sameiningu er unnin umbótaáætlun. Foreldrasamtöl eru haldin einu sinni á ári og þá boða hópstýrur/stjórar foreldra til sín í samtal. Kennarar undirbúa sig fyrir samtölin með því að fylla út gátlista um stöðu hvers barns hvað varðar þroska, félagsþæfni og gengi í leikskólanum.

6. Styrkleikar

Foreldrakönnun kom vel út og er almenn ánægja með starfið okkar. Glæðlegt og kurteist starfsfólk sem tekur vel á móti börnum og skilar þeim fallega. Jákvætt andrúmsloft og yfirvegum er ríkjandi í stafinu og hlýtt viðmót. Foreldrum finnst líka vel staðið að sérkennslumálum í skólanum. Einnig kemur fram að skýr stefna og vandaðir starfshættir séu ríkjandi og vekur það mikið öryggi foreldra. Í starfsmannakönnun kom bersýnilega í ljós hvað góður starfsandi og samheldni innan skólans er mikil og hlýja og gleði í fyrirrúmi. Rýmri viðverustytting er að gefa gott af sér. Starfsmannahópurinn er samheldinn og skipar fólk á öllum aldri. Samkipti eru góð fólks á milli og allra leiða leitað til þess að ná að efla starfsandann innan og utan skólans. Upplýsingamiðlun í gegn um Workplace gerir mikið og auðvelt að koma skilaboðum á milli.

6.1 Tækifæri til umbóta

Ábendingar frá foreldrum eru ávallt gagnlegar. Foreldrar biðja um meiri kynningu á nýju starfsfólki og þegar nýr hópstjóri tekur við hóp að það sé kynnt vel fyrir þeim. Foreldrar kalla eftir upphafssamtölum og er það nú á höndum aðlögunaraðila á byrjunarvikum barns. Einnig fara aftur í gang kynningar fyrir foreldra á starfi skólans. Beðið var um meiri virkni á heimasíðu skólans og er verið að skoða það. Ábendingar starfsfólks eru ómetanlegar. Almennt finnst kennurum mega fækka börnum í hóp sem er skiljanlegt, börnin eru almennt allan daginn í leikskólanum og dagarnir langir. Einnig finnst kennurum vanta uppá að fá aðstoð vegna barna með erfiðleika og aukna sérkennlutíma.

7. Börn, foreldrar o.fl.

Fjöldi barna

Í upphafi skólaárs 2023-2024 eru 108 börn skráð til náms, það er fækkun á milli ára sem kemur til vegna þess að það eru færri börn í elsta árgangi og líka vegna þess að fyrir sumarfrí eru miðkjarnarnir ekki fullskipaðir til að mæta breytingum sem geta orðið í sumarfrí. Drengir eru 62 og stúlkur eru 47.

Börn fædd 2018 eru 23 börn, 14 drengir og 9 stúlkur

Börn fædd 2019 eru 29 börn, 19 drengir og 10 stúlkur

Börn fædd 2020 eru 20 börn, 13 drengir og 7 stúlkur

Börn fædd 2021 eru 27 börn, 13 drengir og 14 stúlkur

Börn fædd 2022 eru 7 börn, 2 drengir og 5 stúlkur

7.1 Börn sem fá viðbótarkennslu

Við leikskólann er starfandi sérkennslustjóri, Júlíana Ármansdóttir, hún gerir sérkennsluáætlun ár hvert fyrir leikskólann eftir undangengnu mati sérfræðinga. Sérkennslustjóri heldur utan um teymisfundi, skimanir, skráningar, gerð einstaklingsnámskráa og annað sem snýr að sérkennslumálum. Júlíana er líka tengiliður leikskólans vegna farsældar barna.

Nokkur fjöldi barna nýtur sérstaks stuðnings, en átt er við börn sem vegna fötlunar, málþroska, tilfinningalegra eða félagslegra erfiðleika fá sérstaka aðstoð eða þjálfun undir handleiðslu. Ekki er gerður greinarmunur á hvort stuðningur átti sér stað í nokkur skipti eða allt árið.

Þjálfunina sem börn með sérstakan stuðning fá er frá sérkennslustjóra, þroskaþjálfara eða fagstjórum í litlum hópum. Börn með fatlanir fengu þann stuðning sem þau eiga rétt á.

7.1.1 Fjöldi barna með annað móðurmál en íslensku og fjöldi tungumála

Með móðurmáli er átt við það mál sem barnið heyrir á heimili sínu og lærir fyrst, stundum af aðeins af öðru foreldri. Fjölbreytileikinn er mikill og við fögnum því, í leikskólanum eru 19 tvítýngd börn sem tala 9 tungumál.

7.2 Foreldrasamvinna

Markmið okkar er að foreldrum finnist þeir velkomnir í leikskólann. Við leggjum áherslu á gott samstarf og gagnvirkt upplýsingastreymi. Við teljum að það sé börnunum fyrir bestu að gott upplýsingaflæði sé milli heimilis og skóla. Á skólaárinu eru nokkrir viðburðir þar sem foreldrum var boðið að taka þátt í.

7.3 Aðlögun

Aðlögun fer að mestu leyti fram í september. Við erum með fá börn í aðlögun í einu og mæðir þar mest á yngstu kjörnunum. Áætlað er að hver aðlögun taki fimm daga en vissulega er aðlögun sniðin að hverju barni og þörfum þess og fjölskyldunnar sinnt. Áður en að aðlögun nýrra barna inn í skólann hefst hafa kennarar yngstu kjarnanna aðlagað börn á eldri kjarna. Aðlögun nýrra barna er fjórir dagar og síðasta dag vikunnar er æskilegt að barnið sé sótt fyrr. Aðlögunin er að hluta til þátttökuaðlögun, foreldrar eru með barninu meginþorra tímans sem þau eru fyrstu þrjá dagana.

Dagur 1. Barnið og foreldrar mæta klukkan 9. Foreldrar fylla út pappíra með upplýsingum um barnið, einnig upplýsa þeir starfsfólk um barnið sitt og þarfir þess. Barnið tekur þátt í útiveru og fer heim kl 11

Dagur 2. Barn og foreldri mæta kl 9 og taka þátt í starfinu. Barnið borðar hádegismat með foreldri og fer svo heim.

Dagur 3. Mæting kl 8:30 og foreldrar dvelja með barninu til ca kl 10. Barnið er í hvíld og hringt er í foreldra þegar það vaknar. Ef barnið er óöruggt og grætur mikið er hringt í foreldra og þeir sækja barnið.

Dagur 4 og 5. Barnið mætir um kl 8 og foreldri kveður eftir stutta stund. Barnið er sótt fyrr en vistunartíminn segir til um.

7.4 Foreldraráð

Í vetur var starfrækt foreldraráð í leikskólanum. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og fræðslunefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans.

7.5 Foreldrafélag

Allir foreldrar leikskólabarnanna eru hvattir til að merkja við að vera í foreldrafélagi Bergheima þegar barnið þeirra er skráð í leikskólann. Foreldrafélagið og leikskólinn eru í góðu samstarfi. Á skólaárinu 2022 – 2023 bauð foreldrafélagið meðal annars upp á sýningu fyrir jólin og á vorhátíð leikskólans. Foreldrafélag leikskólans og foreldrafélag grunnskólans hafa haldið sameiginlegt fræðsluerindi fyrir foreldra á vorönn ár hvert, en vegna anna tókst það ekki þetta skólaár. Þau hafa líka staðið að páskaeggjaleitinni í skrúðgarðinum undanfarin ár.

7.6 Foreldra-fundir og viðtöl

Kynningarfundir fyrir foreldra voru haldnir á haustmánuðum. Það verða þrjár kynningarfundir fyrir foreldra að hausti, fyrir foreldra yngri barna, foreldra barna á miðeiningu og fundur fyrir foreldra elstu barna leikskólans þar sem farið verður yfir samstarf leik- og grunnskóla. Þar verður farið yfir hvaða upplýsingar eru að fara á milli skólastiga á skilafundi skólanna.

Foreldraviðtal fer fram einu sinni á skólaárinu, þar eiga foreldrar og hópstjóri samtal um hvernig barninu gengur. Eins geta foreldrar fengið samtal við hópstjóra, kjarnastýru eða leikskólastjóra ef þeir óska eftir því utan þessa dags.

Hefð er fyrir því að bjóða foreldrum elstu barna í útskrift, stutt stund í sal leikskólans. Barnið fær afhent kveðjubréf frá hópstjóra ásamt málverki sem það gerði, síðan er boðið uppá léttar veitingar í boði leikskólans.

8. Sérfræðipjónusta

Leikskólinn er í góðu samskiptum við Fræðslu-og velferðarþjónustu Ölfuss. Þangað getum við leitað og fengið þjónustu hjá kennsluráðgjafa og sálfræðingi.

Einnig er starfandi talmeinafræðingur hjá Sveitarfélaginu Ölfuss, hún kemur tvisvar sinnum í viku annan hvern mánuð.

Iðjupjálvari kemur á hverju hausti og skoðar pennagrip og klippifærni fimm ára barna.

9. Samstarf

Leikskólinn er í góðu samstarfi við ýmsa aðila hér í bænum.

9.1 Samstarf leik- og grunnskóla

Samkvæmt lögum eiga leik-og grunnskólar að vera í samstarfi vegna elstu barna leikskólans og yngsta stigi grunnskólans. Á hverju hausti hittast skólastjórnendur, kjarnastýra og kennari 1. bekkjar á fundi og leggja upp hvernig skólasamstarfinu skal háttað á hverju ári. Það er 1 heimsókn á hverri önn, börn úr leikskólanum fara í 1. bekk og nemendur 1. bekkjar koma í heimsókn í leikskólann. Uppskeruhátíð er haldin á hvorri önn þar sem að nemendur beggja skólastiga koma saman og eiga stund. Vorskólinn var haldin og gekk mjög vel, nemendur leikskólans fara í heimsókn í tvo daga og taka þátt í bekkjarkennslu, þriðja daginn eru þau í frístund og hádegismat. Skilafundur var milli leik- og grunnskóla þar sem gögnum væntanlegra nemenda var skilað í grunnskólann. Okkur er líka boðið á general prufur yngsta stigs fyrir jólasýningu.

Síðasta skólaár voru nemendur af miðstigi grunnskólans í starfskynningu í leikskólanum. Nemendur grunnskólans komu einu sinni í viku og voru klukkustund í senn. Var mikil ánægja með þetta og verður þessu framhaldið á komandi skólaári. Eins verður þetta í boði fyrir elstu nemendur grunnskólans í vali á komandi skólaári.

9.2 Samstarf við háskólana og framhaldsskólana

Við erum í samstarfi við háskólana og tökum á móti nemum þegar þess hefur verið óskað. Tekið var á móti einum nema í leikskólakennarafræðum þetta skólaárið.

Við höfum einnig tekið við nemum frá Framhaldsskóla Suðurlands, bæði þar sem þeir vinna verkefni í uppeldifræðisáfangi eða í starfsnámi.

9.3 Tónlistarskólinn

Við erum í samstarfi við Tónlistarskóla Árnesinga. Við fáum reglulega nemendur ásamt kennara og spila í salnum fyrir börn og starfsfólk. Eins hefur elsta árganginum verið boðið í trommutíma í tónlistarskólann.

9.4 Bókasafnið

Við erum velkomin á bókasafnið þegar við höfum óskað eftir því. Okkur er líka boðið í heimsókn og þá hefur bókasafnsvörður lesið upp úr bók fyrir börnin.

9.5 Félag eldri borgara

Næst komandi vetur munu meðlimir úr félagi eldri borgara koma reglulegar heimsóknir í leikskólann og lesa eða syngja með börnunum.

10. Fréttir

Fréttir og viðburðir eru birtir inn á heimasíðu leikskólans, sett á töflu í anddyri hvers kjarna og eins fer póstur til foreldra og þeirra sem málið varðar.

11. Starfsmannamál

Einn starfsmaður var í starfsnámi síðasta vetur og lauk mastersnámi í leikskólafræðum í vor. Viðkomandi verður í áframhaldandi starfi við leikskólann.

Einn starfsmaður er í námi við Háskólann á Akureyri í kennarafræðum

Einn starfsmaður stundar nám í leikskólalíða og stuðningsfulltrúa við Fræðslusetur suðurlands utan vinnutíma

Þeir starfsmenn sem eru í háskólanámi þurfa að sækja staðlotur á vinnutíma og einnig að sinna verknámi. Starfsmenn eru mannauður skólans og mikilvægt að hlúa að, hvetja og styrkja.

11.1 Stjórnaskipan Bergheima skólaárið 2023-24

Starfsheiti	Nafn	Netfang	Símanúmer
Leikskólastýra	Helena Helgadóttir	helenah@hjalli.is	480-3660
Meðstjórnandi	Elsa Þorgilsdóttir	elsathor@hjalli.is	480-3661
Sérkennslustýra	Júlíana Ármannsdóttir	julianaa@hjalli.is	480-3663
Kjarnastýra Álfaheima	Kristín Ellertsdóttir	stinaell@hjalli.is	480-3669/3670
Kjarnastýra Tröllaheima	Svala Ósk Sævarsdóttir	svalaosk@hjalli.is	480-3667
Kjarnastýra Hulduheima	Rannveig Júlíusdóttir	rannveigjul@hjalli.is	480-3668
Kjarnastýra Goðheima	Ingibjörg Aðalsteinsdóttir	ingibjorga@hjalli.is	480-3671
Kjarnastýra Ásheima	Jóna Svava Karlsdóttir	svavak@hjalli.is	480-3673
Kjarnastýra Dvergaheima	Sjöfn Ísaksdóttir	sjofnisa@hjalli.is	480-3672
Kjarnastýra Jötunheima	Fransiska G. Hoffmann	franskiska@hjalli.is	

12. Umbótaráætlun

	Úrbætur	Ábyrgð
Efla ánægju barnsins og til þátttöku í starfinu	Taka hverju barni eins og það er	Starfsfólk
Meiri upplýsingagjöf til foreldra um hvað var verið að gera yfir daginn í leikskólanum.	Setja inn á hópstarfsblöðin daglega. Ræða við foreldra í lok dags. Senda vikupósta með helstu upplýsingum hópstarf, samverustundir. Senda foreldrum tilkynningar í karellen eða hringja ef barn meiðist í skólanum.	Starfsfólk / kjarnastýra
Hollt og fjölbreytt mataræði Meiri fjölbreytni í kaffitímum	Taka samtal við rekstraraðila eldhússins	Leikskólastjóri
Bæta öryggi barna í námsumhverfinu (sérstaklega lóðinni)	Gæta þarf þess að starfsfólk sé í nálægð við börnin þar sem þau eru. Eins að lóðin og húsnæði séu öruggir staðir fyrir börnin	Starfsfólk/leikskólastjóri
Að barn sé klætt eftir veðri	Hver hópstjóri fer með sinn hóp í fataklefan og fylgist með og aðstoðar barn við að	Starfsfólk

	klæða sig í viðeigandi klæðnað eftir veðri	
Setja börn ekki út þegar þau koma úr veikindum	Það er velkomið að hafa barn inni í tvo daga eftir lengri veikindi ef foreldrar óska þess	Leikskólastjóri, kjarnastýra og starfsfólk
Heimasíða leikskólans	Setja reglulega inn tilkynningar og viðburði. Setja inn áætlanir	Leikskólastjóri
Flutningur milli skólastiga	Halda kynningarfund fyrir foreldra elsta árgangs leikskólans að hausti. Senda upplýsingar til foreldra í hvert sinn sem eitthvað er.	Leikskólastjóri og kjarnastýra
Fleiri fagmenntaða kennara	Auglýst einu sinni á ári	Leikskólastjóri
Kynningu á hjallískum fræðum til foreldra	Senda út kynningu fyrir hverja lotu. Setja inn stutta kynningu á meginreglunum, dagskipulaginu, ofl. í fréttabréf	Leikskólastjóri
Efla þátttöku foreldra í starfinu	Heimsóknir í leikskólann, bóndadagur, konudagur. Þjóða foreldrum reglulega inn á kjarna að sjá starfið, verk eftir börnin. Starfsfólk kveðji barn í lok dags.	Leikskólastjóri, kjarnastýra og starfsfólk

Þorlákshöfn 22 ágúst 2023

Harpa Vignisdóttir foreldraráði

Helena Helgadóttir skólastýra

Íris Krístrún Kristmundsdóttir foreldraráði

Sigríður Birna Ingimundardóttir foreldraráði

Tara Ósk Jóhannsdóttir foreldraráði

13. Skóladagatal

Samband íslenskra sveitarfélaga

Leikskóladagatal 2023 - 2024

Nafn skóla: **Bergheimar**

	AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRUAR	MARS	APRÍL	MÁI	JÚNÍ	JÚLÍ
1 Þ	1 F		1 S	1 M	1 F	1 M	1 F	1 F	1 M	1 M	1 L	1 M
2 M	2 L		2 M	2 F	2 L	2 Þ	2 F	2 L	2 Þ	2 F	2 S	2 Þ
3 F	3 S		3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 L	3 S	3 M	3 F	3 M	3 M
4 F	4 M	Lokun Hálfun	4 M	4 L	4 M	4 F	4 S	4 M	4 L	4 L	4 Þ	4 F
5 L	5 Þ		5 F	5 S	5 Þ	5 F	5 M	5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 F
6 S	6 M		6 F	6 M	6 L	6 Þ	6 M	6 L	6 M	6 M	6 F	6 L
7 M	7 F	Dagur verslunarmanna	7 L	7 Þ	7 F	7 S	7 M	7 F	7 S	7 Þ	7 F	7 S
8 Þ	8 F	Dagur latta	8 S	8 M	8 Þ	8 F	8 F	8 F	8 M	8 M	8 L	8 M
9 M	9 L		9 M	9 F	9 L	9 Þ	9 F	9 L	9 Þ	9 F	9 S	9 Þ
10 F	10 S		10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 L	10 S	10 M	10 F	10 M	10 M
11 L	11 M	Lokun Kúrta	11 M	11 L	11 M	11 F	11 S	11 M	11 F	11 L	11 Þ	11 F
12 L	12 Þ		12 F	12 S	12 Þ	12 F	12 M	12 L	12 F	12 S	12 M	12 F
13 S	13 M		13 Þ	13 M	13 L	13 M	13 L	13 Þ	13 L	13 M	13 F	13 L
14 M	14 F		14 L	14 Þ	14 F	14 S	14 M	14 F	14 S	14 Þ	14 F	14 S
15 Þ	15 F		15 S	15 M	15 F	15 L	15 F	15 F	15 M	15 M	15 L	15 M
16 M	16 L	Dagur íslenskar náttúru	16 M	16 F	16 L	16 Þ	16 F	16 L	16 Þ	16 F	16 S	16 Þ
17 F	17 S		17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 L	17 S	17 M	17 F	17 M	17 M
18 F	18 M	Lokun Framfara	18 M	18 L	18 M	18 F	18 S	18 M	18 F	18 L	18 Þ	18 F
19 L	19 Þ	Foreldrafundur kl. 8-10 Yngri barna	19 F	19 S	19 Þ	19 F	19 M	19 L	19 F	19 S	19 M	19 F
20 S	20 M		20 F	20 M	20 L	20 Þ	20 F	20 L	20 M	20 M	20 F	20 L
21 M	21 F		21 L	21 Þ	21 F	21 S	21 M	21 F	21 L	21 Þ	21 F	21 S
22 Þ	22 F		22 S	22 M	22 F	22 L	22 F	22 F	22 M	22 L	22 M	22 M
23 M	23 L		23 M	23 F	23 L	23 Þ	23 F	23 L	23 Þ	23 F	23 S	23 Þ
24 F	24 S		24 Þ	24 M	24 F	24 S	24 M	24 L	24 S	24 F	24 M	24 M
25 F	25 M	Samkvæmt	25 M	25 L	25 M	25 F	25 S	25 M	25 F	25 L	25 Þ	25 F
26 L	26 Þ	Þingdagi tungumáladagurinn	26 F	26 S	26 Þ	26 F	26 M	26 L	26 F	26 S	26 M	26 F
27 S	27 M		27 F	27 M	27 L	27 Þ	27 F	27 L	27 M	27 M	27 F	27 L
28 M	28 F	Foreldrafundur elstu barna samstítt eiddaga	28 L	28 Þ	28 F	28 S	28 M	28 F	28 L	28 Þ	28 F	28 S
29 Þ	29 F		29 S	29 M	29 F	29 L	29 M	29 F	29 M	29 M	29 L	29 M
30 M	30 L		30 M	30 F	30 L	30 Þ	30 F	30 L	30 M	30 F	30 S	30 Þ
31 F	31 Þ		31 M	31 L	31 M	31 F	31 M	31 L	31 F	31 S	31 M	31 M

Samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga við Kennarasambands Íslands skóladagur nemenda vera 180 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní. Sérstakir starfsdagur kennara á starfstíma nemenda eru fimm og skulu ákveðin af skólastjóra í samráði við kennara og með hlöðun af kjarasamningum. Starfsdagur kennara utan starfstíma nemenda eru 8.